



HÁSKÓLI ÍSLANDS

UNIVERSITY OF ICELAND

Diploma Supplement

Skírteinisviðauki

Þessi viðauki við skírteini fylgir fyrirmynd sem þróuð var af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Evrópuráðinu og UNESCO/CEPES. Hlutverk viðaukans er að veita nægar hlutlægar upplýsingar til þess að bæta alþjóðlegt „gegnsæi“ og sanngjarna viðurkenningu náms (sjálfstæð próf, háskólagráður og skírteini) hjá menntastofnunum og á vinnumarkaði. Honum er ætlað að lýsa eðli, námsstigi, samhengi, innihaldi og stöðu þess náms sem viðkomandi einstaklingur stundaði og lauk með fullnægjandi hætti samkvæmt því prófskírteini sem viðaukinn fylgir. Gildismat, fullyrðingar um jafngildi eða tillögur um viðurkenningu eiga ekki að koma fram í viðaukanum. Veita skal upplýsingar um alla átta liði viðaukans. Ef ekki eru veittar upplýsingar um einhvern liðanna ætti skýring á því að fylgja.

This Diploma Supplement follows the model developed by the European Commission, Council of Europe and UNESCO/CEPES. The purpose of the supplement is to provide sufficient independent data to improve the international “transparency” and fair academic and professional recognition of qualifications (diplomas, degrees, certificates etc.). It is designed to provide a description of the nature, level, context, content and status of the studies that were pursued and successfully completed by the individual named on the original qualification to which this supplement is appended. It should be free from any value-judgements, equivalence statements or suggestions about recognition. Information in all eight sections should be provided. Where information is not provided, an explanation should give the reason why.



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Ministry of Education, Science and Culture

1 Upplýsingar um námsmann

1.1 Kenninafn

1.2 Eiginnafn

1.3 Fæðingardagur (dagur/mánuður/ár)

1.4 Kennitala násmanns eða kóði (ef við á)

2 Upplýsingar um nám

2.1 Heiti lokaprófs og (ef við á) titils (á móðurmáli)

Meistarapróf

2.2 Aðalnámsgrein til lokaprófs

Blaða- og fréttamennska

2.3 Heiti og staða menntastofnunar sem nám er stundað við (á móðurmáli)

Háskóli Íslands, ríkisrekinn háskóli.

2.4 Heiti og staða stofnunar (ef ekki sama og í 2.3) sem ber ábyrgð á náminu (á móðurmáli)

Sama og í 2.3

2.5 Tungumál sem kennsla/próf fara fram á

Íslenska. Flestar kennslubækur eru á ensku eða öðrum erlendum tungumálum (t.d. dönsku eða öðrum Norðurlandamálum).

3 Upplýsingar um námsstig

3.1 Námsstig

Tvö ár í framhaldsnámi á háskólastigi.

3.2 Skilgreind lengd námsleiðarinnar

Fullt nám í tvö námsár.

3.3 Aðgangskröfur

BA-, BS-próf með fyrstu einkunn eða sambærilegt próf. Fjöldi nýrra nemenda á ári er takmarkaður við 21.

4 Upplýsingar um innihald námsins og niðurstöður

4.1 Tilhögun náms

Fullt nám.

4.2 Námskröfur

Ljúka þarf 120 einingum fyrir lokapróf. Námið skiptist í eftirfarandi hluta: Málstofur í fjölmiðlafræði 6 einingar, hagnýt námskeið um íslenskt samfélag og alþjóðasamfélagið 18 einingar, almenn grundvallaratriði í blaða- og fréttamennsku 18 einingar, rannsóknir í fjölmiðlafræði 6 einingar, hagnýt fræðsla og þjálfun í blaðamennsku, útvarps- og sjónvarpsstörfum og nýmiðlun 30 einingar. Valnámskeið 6 einingar. Náminu lýkur með 30 eininga MA-ritgerð.

Hæfniviðmið

Þekking, hæfni og færni

Að loknu námi á nemandi að geta sýnt fram á þekkingu, hæfni og færni umfram það sem felst í fyrra prófi sem hér segir:

1. Þekking og skilningur

- 1.1. Nemandi hafi aflað sér þekkingar á aðferðum og vinnubrögðum blaða- og fréttamanna. Hann hafi breikkað þann þekkingargrunn sem hann tileinkaði sér á fyrra þrepi og geti nýtt sér það í starfi blaðamanns.
- 1.2. Nemandi þekki siðferðilegar kröfur sem gera má til fjölmiðla hvað varðar hlutlægni, vandvirkni og tillitssemi.
- 1.3. Nemandi hafi tileinkað sér þekkingu á hlutverki og áhrifum fjölmiðla í samfélaginu. Hann hafi öðlast kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu á sviði fjölmiðlafræði.
- 1.4. Nemandi hafi öðlast þekkingu á eðli og aðferðum ólíkra miðla, kostum þeirra og annmörkum.
- 1.5. Nemandi kunni skil á notkun þeirra tækja sem blaða- og fréttamenn beita í störfum sínum.
- 1.6. Nemandi geti haft frumkvæði að öflun fréttu og leitt hana til lykta með hagsmuni almennings að leiðarljósi.
- 1.7. Nemandi hafi þekkingu á grundvallarþáttum samfélagsins og þeim öflum sem þar eru að verki.

2. Hagnýt færni og hæfni

- 2.1. Nemandi geti nýtt þekkingu sína og skilning við dagleg störf blaða- og fréttamanna.
- 2.2. Nemandi kunni að leggja mat á fréttæmi.
- 2.3. Nemandi geti tekið viðtöl og unnið úr þeim á faglegan og gagnrýninn hátt.
- 2.4. Nemandi leggi sjálfstætt mat á heimildir.
- 2.5. Nemandi geti nýtt sér þekkingu á eðli ólíkra fjölmiðla og sniðið fréttir að því.
- 2.6. Nemandi sé vel ritfær og geti flutt fréttir á skýran og skilmerkilegan hátt.
- 2.7. Nemandi þekki til aðferða og nálgunar við vinnslu fréttu og fjölmiðlaefnis en geti jafnframt þróað þær og sýnt frumleika í nálgun og úrvinnslu.

3. Fræðileg hæfni

- 3.1. Nemandi geti á sjálfstæðan og faglega hátt skilgreint rannsóknarviðfangsefni, sett fram rannsóknarspurningar og tilgátur og haft frumkvæði að eigin rannsóknum.
- 3.2. Nemandi geti valið aðferðir og nálganir sem henta viðfangsefni hverju sinni.
- 3.3. Nemandi þekki kosti og galla ólíkra rannsóknaraðferða.
- 3.4. Nemandi geti safnað upplýsingum, greint þær og sett í röklegt samhengi.
- 3.5. Nemandi hafi getu til að takast á við flókin viðfangsefni og geti sett þau í samhengi við kenningargrunn í fjölmiðlafræði.

4. Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi

- 4.1. Nemandi geti unnið vel og skipulega. Hann geti mætt skilafresti og lokið verkum fljótt og örugglega þegar þörf krefur.
- 4.2. Nemandi hafi náð tókum á tækni og hugbúnaði sem nýttur er við blaða og fréttamennsku og á mismunandi miðlum.
- 4.3. Nemandi geti unnið sjálfstætt en jafnframt unnið með öðrum. Hann geti átt frumkvæði að verkefnum, stýrt þeim og axlað ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa við skrif og vinnslu fréttu.
- 4.4. Nemandi geti gert skýra grein fyrir flóknum niðurstöðum og jafnframt miðlað þeim á einfaldan hátt.
- 4.5. Nemandi kunni að leita upplýsinga og að sannreyna þær upplýsingar sem til hans berast. Hann hafi upplýsingatækni á valdi sínu.
- 4.6. Nemandi kunni að greina og miðla tölulegum upplýsingum svo almenningur skilji.

5. Náms hæfni

- 5.1. Nemandi hafi þróað með sér nauðsynlega náms hæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta tekist á hendur við frekara nám, viðhaldið þekkingu sinn og aukið við hana.

4.3 Nánari upplýsingar (t.d. námskeið eða prófhlutar sem lokið er) og einstakar einkunnir/einingar sem er lokið

Númer	Námskeið	Einingar	Einkunn	Lokið
BLF101F	Fréttamennska	6,0	Metið	des 2009
BLF105F	Málfar og still	6,0	Metið	des 2009
BLF302F	Skapandi textar og viðtalstækni	6,0	Staðið	des 2009
BLF306F	Máttur boðskiptanna	6,0	9,0	des 2009
BLF304F	Meistararitgerð í blaða- og fréttamennsku	30,0	9,0	des 2009
BLF003F	Annað nám	6,0	Metið	des 2009
BLF202F	Útvarp - útvarpsfréttir, þáttagerð, þáttastjórnun	6,0	Staðið	maí 2009
BLF203F	Sjónvarp - sjónvarpsfréttir, þáttagerð, þáttastjórnun	6,0	Staðið	maí 2009
BLF204F	Dagblöð og tímarit	6,0	Staðið	maí 2009
BLF205F	Íslenskt samfélag og stjórnskipun	6,0	Metið	maí 2009
BLF201F	Fjölmíðlun og leikreglur samfélagsins	6,0	Metið	maí 2009
BLF401F	Málstofa um lokaverkefni	0,0	Staðið	maí 2009
BLF102F	Málstofa í fjölmíðlafræði	6,0	9,0	des 2008
BLF103F	Vinnubrögð og siðareglur blaðamanna	6,0	8,5	des 2008
BLF104F	Alþjóðasamvinna og staða Íslands í alþjóðakerfinu	6,0	9,0	des 2008
BLF303F	Sjálfbær fréttamennska, net og nýmiðlun	6,0	9,0	des 2008
OSS301F	Almannatengsl	6,0	8,0	des 2008

120

Meistararitgerð:

4.4 Einkunnakerfi og, ef við á, upplýsingar um dreifingu einkunna

Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum á skalanum 0 til 10. Til að standast próf þarf að ná einkunninni 5 eða herra. Aðaleinkunn er vegið meðaltal allra einkunna til lokaprófs og reiknast hún með tveimur aukastöfum. Ágætiseinkunn er 9.0 - 10, fyrsta einkunn er 7.25 - 8.99, önnur einkunn er 6.0 - 7.24 og þriðja einkunn er 5.0 - 5.99.

4.5 Almenn flokkun árangurs (á móðurmáli)

Fyrsta einkunn: 8,86

5 Upplýsingar um hlutverk námsins

5.1 Aðgangur að frekara námi

Námið veitir aðgang að doktorsnámi.

5.2 Starfsréttindi (ef við á)

Á ekki við

6 Viðbótarupplýsingar

6.1 Viðbótarupplýsingar

6.2 Hvar má leita frekari upplýsinga

Vefsíða Háskóla Íslands: <http://www.hi.is>


Kennslusvið Háskóla Íslands, Suðurgötu, 101 Reykjavík, Ísland. (NARIC/ENIC skrifstofa).

7 Staðfesting viðaukans

7.1 Dagsetning

27. febrúar 2010

7.2 Undirskrift



Aðalbjörg Lúthersdóttir

7.3 Embætti

Deildarstjóri

7.4 Opinber stimpill eða innsigli



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG
MANNVÍSINDAÐEILD

8 Upplýsingar um æðri menntun í landinu

Núverandi fyrirkomulag háskólamenntunar á Íslandi á rætur sínar að rekja til stofnunar Háskóla Íslands 1911. Rammi um háskólamenntun á Íslandi eru lög um háskóla nr. 63/2006. Undir rammalöggjöf um háskólastigið heyrast stofnanir sem bjóða upp á nám til háskólagráðu, hafi þær hlotið viðurkenningu menntamálaráðuneytisins sbr. reglur um viðurkenningu háskóla nr. 1067/2006. Hver háskólastofnun nýtur viðurkenningar á tilteknum fræðasviðum, eða undirflokkum þeirra. Menntamálaráðuneytið hefur einnig gefið út viðmið um æðra nám og prófgráður á Íslandi, nr. 80/2007, þar sem uppbyggingu náms og lokaprófa við háskóla er lýst með kerfisbundnum hætti með tilliti til hæfniviðmiða. Viðurkenndum háskólastofnunum á Íslandi ber að fylgja þessum viðmiðum.

Sjö menntastofnanir heyrast undir menntamálaráðuneytið og lög um háskóla nr. 63/2006. Þær njóta allar fjárframlaga frá ríkinu og menntamálaráðuneytið gerir árangursstjórnunarsamninga við alla háskóla sem undir það heyrir.

Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri eru opinberir háskólar sem heyrast undir lög um opinbera háskóla, nr. 85/2008. Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Hólum eru opinberir háskólar sem heyrast undir lög um búnaðarfræðslu nr. 57/1999. Háskólinn í Reykjavík er hlutafélag og Háskólinn á Bifröst og Listaháskóli Íslands eru sjálfseignarstofnanir er starfa samkvæmt skipulagsskrám er samþykktar hafa verið af menntamálaráðuneyti.

Háskólar bera ábyrgð á innra gæðakerfi sínu en menntamálaráðherra hefur eftirlit með gæðum þeirrar menntunar sem háskólar veita á grundvelli reglna um gæðaeftirlit með háskólakennslu nr. 666/2003. Gæðaeftirlit háskólastofnana, bæði hvað varðar rannsóknir og kennslu, fer fram með innra eftirliti stofnananna sjálfra og reglubundnu ytra eftirliti.

Háskólarnir eru:

Háskóli Íslands, stofnaður 1911. Kennaraháskóli Íslands sameinaðist honum 1. júlí 2008. Háskóli Íslands nýtur viðurkenningar á fræðasviðum félagsvísinda, hugvísinda, heilbrigðisvísinda, náttúruvísinda og verk- og tæknivísinda.

Háskólinn á Akureyri, stofnaður 1987. Háskóli á Akureyri nýtur viðurkenningar á fræðasviðum félagsvísinda, heilbrigðisvísinda og landbúnaðarvísinda.

Landbúnaðarháskóli Íslands, stofnaður 2005 er Garðyrkjuskóli Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins sameinuðust Landbúnaðarháskóla Íslandi, áður Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, sem boðið hafði upp á nám á háskólastigi frá 1947. Landbúnaðarháskóli Íslands nýtur viðurkenningar á fræðasviði landbúnaðarvísinda.

Háskólinn á Hólum (Hólaskóli) hefur boðið upp á nám um áraráðir, en fékk leyfi til að bjóða upp á nám á háskólastigi á árinu 2003. Háskólinn á Hólum nýtur viðurkenningar á fræðasviði landbúnaðarvísinda.

Háskólinn í Reykjavík, áður Viðskiptaháskólinn í Reykjavík, fékk starfsleyfi til háskólakennslu 1998. Á árinu 2005 sameinaðist Tækniháskóli Íslands honum. Háskólinn í Reykjavík nýtur viðurkenningar á fræðasviðum félagsvísinda og verk- og tæknivísinda.

Háskólinn á Bifröst, áður Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Samvinnuháskólinn, fékk starfsleyfi til háskólakennslu 1989. Háskólinn á Bifröst nýtur viðurkenningar á fræðasviði félagsvísinda.

Listaháskóli Íslands fékk starfsleyfi til háskólakennslu 1998. Listaháskóli Íslands nýtur viðurkenningar á fræðasviði lista.

Samkvæmt inntökuskilyrðum skulu nemendur hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi áður en þeir hefja nám á háskólastigi. Á Íslandi hefja börn skólagöngu sex ára og ljúka grunnskóla 16 ára. Framhaldsskólanám (við mennta-, fjölbrauta- eða iðnskóla) sem leiðir til stúdentsprófs tekur fjögur ár að loknum grunnskóla.

Námsárið við íslenska skóla á háskólastigi stendur yfirleitt frá ágúst/september til maí og er því skipt í tvö misseri, haustmisseri og vormisseri. Námsmat fer í flestum tilfellum fram með skriflegum, munnlegum eða verklegum prófum sem að jafnaði eru haldin í lok hvers misseris og ritgerðum eða verkefnum á námstíma. Stúdentar eiga yfirleitt rétt á að endurtaka próf einu sinni en geta í sumum tilfellum fengið undanþágu til að reyna í þriðja sinn við próf.

Samkvæmt lögum um háskóla skulu allar háskólastofnanir á Íslandi nota ECTS einingakerfið. 60 einingar jafngilda einu námsári og endurspegla vinnuframlag nemenda í fullu námi.

Háskólastofnanir ákveða hvaða námsleiðir þær bjóða innan þeirra fræðasviða sem þær hafa fengið viðurkenningu á.

Mögulegt er að ljúka eftirfarandi lokaprófum við æðri menntastofnanir:

Sjálfstætt fullnaðarpróf eftir 30-120 eininga nám.

Bakkalárpróf eftir 180-240 eininga námi. Þetta próf er formlegt skilyrði þess að innritast í framhaldsnám á háskólastigi á Íslandi.


Lokapróf starfsmiðaðs náms á meistarastigi eftir 30-120 eininga nám að loknu bakkalárprófi, eða kandidatspróf eftir 120-360 eininga nám þar sem ekki er um viðamikla ritgerð eða lokaverkefni að ræða.

Meistarapróf og kandidatspróf veitt að loknu 90-120 eininga námi að loknu bakkalárprófi eða sambærilegu námi.

Viðamikil ritgerð eða lokaverkefni er stór þáttur í náminu.

Doktorspróf veitt að loknu 180 eininga námi að loknu meistaraprófi.

Structure of the Educational System ICELAND



There are four levels of education in Iceland; pre - primary schools, compulsory (single structure - primary and lower secondary education), upper-secondary and higher education.